

Fimmtudaginn 14. nóvember 1991.

Nr. 241/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Steini Jakobi Ólasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsárás. Brot í opinberu starfi. Lögreglumenn. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi í starfi sínu sem lögreglumaður í Reykjavík aðfaranótt 27. desember 1990 beitt Sigurð Kaldal Sævarsson harðræði, er leiddi til þeirra meiðsla hans, sem lýst er í ákæru málsins. Voru aðfarir ákærða miklu harkalegri en aðstæður gáfu tilefni til. Varðar atferli hans við 1. mgr. 218. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Ekki þykja hér efni til að beita einnig 132. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Svo sem greint er frá í héraðsdómi, var ákærði með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík 24. janúar 1991 leystur frá störfum sem lögreglumaður frá þeim degi að telja, „þar til öðruvísi verður ákveðið“. Með hliðsjón af þessu og því, að ákærði hefur ekki áður sætt kæru eða refsingu, þykir rétt að skilorðsbinda refsingu hans, svo sem nánar greinir í dómsorði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Einnig verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steinn Jakob Ólason, sæti varðhaldi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði

almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 232/1991: Ákærvaldið gegn Steini Jakobi Ólasyni, sem tekið var til dóms 16. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. mars sl., gegn ákærða, „Steini Jakobi Ólasyni, fyrrverandi lögreglumanni, Baughúsum 48, Reykjavík, kennitala 010358-4429, fyrir brot í opinberu starfi og líkamsmeiðingar með því að hafa aðfaranótt 27. desember 1990 gerst offari í starfi, er hann ásamt fleiri lögreglumönnum hafði afskipti af hópi manna á mótum Frakkastígs og Bergþórugötu í Reykjavík, m.a. Sigurði Kaldal Sævarssyni, kt. 210668-3559, sem hafði ekki sinnt fyrirmælum lögreglumannna á vettvangi, og þá hrakið Sigurð á undan sér niður Frakkastíg að Kára­stíg og þar tekið hann kverkataki og/eða hálstaki, svo að Sigurður missti meðvitund, dregið hann meðvitundarlausan til baka í átt að lögreglubifreið, sem stóð við Frakkastíg á mótis við hús nr. 1 við Bergþórugötu, og er hann átti skammt ófarið að bifreiðinni, sleppt takinu á Sigurði, svo að andlit hans skall í götuna með þeim afleiðingum, að hann bólгнаði og skrámaðist í andliti, hlaut ½ cm sár á vinstri augabrún, fjögur dökkrauðleit, skálæg, samsíða för framan á hálsi og alls sjö tennur í efri og neðri gómi brotnuðu, og þurfti strax sama dag að fjarlægja eina þeirra (efri forjaxl hægra megin).

Telst þetta varða við 132. gr. og 1. mgr. 218. gr., — til vara 219. gr. —, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist”.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt fimmtudags 27. desember sl. var lögregla þrívegis kvödd að Bergþórugötu 1 vegna hávaða og ölvunar í mjög fjölmennu samkvæmi, er þar var haldið á efri hæð og risi.

Samkvæmt skýrslum lögreglunnar í Reykjavík, sem studdar eru öðrum gögnum málsins, fóru lögreglumenn tvívegis á vettvang, í fyrra sinnið kl. 3.47, en hið síðara kl. 4.55. Þeir Björn Gíslason og Einar Matthías Þórarinnsson fóru í bæði skiptin á vettvang samkvæmt boði varðstjóra. Höfðu þeir tal af húsráðendum í fyrra skiptið, en í hið síðara kom til aðgerða, svo sem síðar er lýst. Voru þeir á lögreglufólksbifreið, sem þeir lögðu við síðari komuna á Bergþórugötu. Í síðara skiptið fór enn fremur á vettvang áhöfnin á stórrí lögreglubifreið, þeir Árni Ólafsson, Ásgeir Þór Ásgeirsson og Aðalbjörn Jón Sverrisson. Komu þeir á staðinn í sama mund og Einar og Björn. Þá komu einnig á vettvang í annarri lögreglufólksbifreið ákærði, Steinn Jakob, ásamt þeim Mariu Pálsdóttur, Kristínu Sigurðardóttur og Runólfi Þórhallssyni, en sú áhöfn var send á vettvang vegna beiðni um aðstoð frá þeim, sem þar voru fyrir. Loks kom Guðbergur Már Guðnason til aðstoðar á vettvang í stórrí lögreglubifreið.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna, en þau hafa öll verið yfirheyrð fyrir lögreglu eða rannsóknarlögreglu svo og fyrir dómi að undanskildum vitnunum Helenu Jónsdóttur, Björgu Jónsdóttur og Agli R. Guðjohnsen, en þau komu fyrst fyrir við meðferð málsins.

Vitnið Sigurður Kaldal háskólanemi kveðst hafa farið á skemmtistað fyrr um kvöldið og drukkið um þrjú glös af áfengisblöndu. Hann hafi því ekki verið ölvaður. Hann hafi gengið heim til sín að Kárástíg 3, en útidyrnar snúi að Frakkastíg. Þetta sé eini nothæfi inngangurinn í húsið. Inngangur sé þó frá Kárástíg, en hann sé ónýtur og aldrei notaður. Þegar hann kom þarna að, hafi annar húsráðenda að Bergþórugötu 1 boðið sér í samkvæmi þar. Talsvert hafi verið þar af fólki og hávaði frá hljómlist. Lögreglan hafi komið tvisvar á staðinn. Hann hafi setið í rólegheitum og einskis áfengis neytt. Í síðara skiptið, sem lögreglan kom, hafi gestum verið vísað út í samráði við húsráðendur. Hann hafi ekkert skipt sér af því og farið út ásamt öðrum. Var hann samferða vinkonu sinni, Birnu Pálinu Einarsdóttur, og fóru þau út úr húsinu norðan frá og stóðu þar fyrir utan. Hinum megin við götuna gegnt þeim inngangi hafi staðið lögreglubifreið, en enginn hafði þá verið settur inn í hana. Einhver strákur hafi verið með glósir við þá lögreglumennina, og var hann settur inn í bifreiðina.

Hann segir, að hann hafi staðið skammt frá gangstéttinni úti á götu fyrir framan umrædda útgöngu. Hann hafi fylgst með því, að a.m.k. fjórir menn voru handteknir og settir inn í lögreglubifreiðina, m. a. hafi menn verið með blótsyrði í garð lögreglumannanna. Sjálfur hafi hann ekkert haft sig í frammi. Neitaði hann því, að hann hefði truflað störf lögreglumanna á vettvangi, og mótmælti því, að hann hefði vísað því fólki, sem lögreglan hafði afskipti af, inn á lóð að Kárástíg 3. Vel geti verið, að hann hafi sagt við ofangreindar lögreglukonur, að hann þekkti vel rétt sinn og gæti gengið

þá leið heim til sín, sem hann vildi sjálfur, en um þessar mundir hafi hann verið á námskeiði í lögfræði. Hann hafi hugsanlega viðhaft þessi ummæli við ákærða, á meðan hann ýtti sér norður Frakkastíginn. Lögreglumennirnir hafi haft í nógu að snúast á vettvangi og átt fullt í fangi með ástandið, enda hafi síðar komið fleiri lögreglubifreiðar á vettvang. Hann kveðst hafa staðið þarna dágóða stund án þess að hafa sig í frammi, og hafi lögreglumenn m.a. handtekið menn, sem voru á lóðinni við Kárástíg 3. Hann hafi ætlað heim á leið og gengið áleiðis frá þeim stað, er hann stóð á, og hugðist ganga aftan við lögreglubifreiðina, sem staðsett var eins og myndir tækni-deildar sýni, en dýrnar að heimili sínu séu þarna beint á móti, svo sem sjáist á myndunum. Sér hafi vírst sem lögreglumenn við bifreiðina hafi verið að búa sig undir brottför, a.m.k. hafi afturhurðin verið lokuð eða alveg að stöfum. Eitthvað af fólki hafi enn verið á vettvangi, og virtist honum það vera að fara. Honum fannst lögreglumennirnir handtaka fólk af litlu tilefni og ákvað því að hinkra, þar sem hann ætlaði ekki að blanda sér í þetta og vildi vera öruggur að komast fram hjá lögreglubifreiðinni og heim, enda hafi hann verið í próflestri og ætlað að vakna snemma næsta morgun. Hann hafi ekki veitt því athygli, að handtökur stæðu enn yfir. Því hafi hann gengið skemmstu leið yfir götuna, en þá verið stöðvaður af lögreglukonu, sem bannaði honum að fara aftur fyrir lögreglubifreiðina og sagði, að hann gæti gengið fram fyrir hana. Hann hafi spurt, hvers vegna hann mætti ekki fara þessa leið, og þessar viðræður farið fram í góðu. Lögreglukonurnar hafi oft, á meðan á þessum viðræðum stóð, beðið sig að sinna þessu. Þá hafi ákærði komið þarna að og spurt sig, hvort hann skildi ekki, hvað lögreglukonurnar ættu við. Því hafi sér ekki gefist ráðrúm til að ganga fram fyrir bifreiðina, málin hafi verið á umræðustigi, er ákærða bar að, þ.e., hann hafi beðið um skýringu, hvers vegna hann mætti ekki fara þessa leið. Ákærði, sem honum virtist þá strax vera orðinn æstur, hafi þá ýtt höndunum á brjóstakassa hans og ýtt honum þannig marga metra norður vestari gangstéttina á Frakkstígunum að barkariinu. Kveðst hann hafa sagt ákærða, að hann ætti heima að Kárástíg 3, en ákærði ekki sinnt því.

Skyndilega hafi ákærði gripið sig kverkataki með annarri hendi og hert að, svo að hann náði vart andanum, og hafi það verið mjög sárt. Hann kveðst hafa reynt að losa sig með því að taka annarri eða báðum höndum um hönd ákærða, en þá hafi ákærði snúið honum við og tekið sig hálstaki, þ.e. sett mót framhandleggjar og upphandleggjar að hálsi sér og hert að. Kveðst hann hafa misst við þetta andann og ekki rankað við sér fyrr en á lögreglustöðinni.

Sigurður minnst þess hvorki, að hann hafi skolið með andlitið í götuna, né þess, að hann hafi rætt við lögreglumenn á leiðinni á lögreglustöðina,

en hann hafi orðið þess var, að hann var með brotnar tennur og aðra áverka, er hann rankaði við sér á lögreglustöðinni. Lögreglumenn þeir, sem fóru með sig fyrir varðstjóra, hafi skýrt varðstjóránunum frá því, að hann hefði dottið, og annar þeirra sagt, að hann hefði runnið á sleipum skóm. Hann hafi bedið lögreglumennina og varðstjórann um að fá að fara á slysadeildina. Er honum var kynntur framburður ofangreinds varðstjóra varðandi þetta atriði, kvaðst hann vera þess fullviss, að hann hefði nefnt þetta við varðstjórann. Eftir að hann hafði verið í geymslu um nokkurt skeið, hefði hann verið færður á slysadeild og í framhaldi af því í skoðun til tannlæknis.

Er Sigurður var yfirheyrður um þetta atriði hjá lögreglu, kvaðst hann hafa verið leiddur fyrir varðstjóra, eftir að lögreglumenn þeir, sem komu með sig, höfðu skipað sér að þvo blóðið af andlitinu. Lögreglumennirnir hefðu skýrt varðstjóránunum svo frá, að hann hefði dottið, og í framhaldi af því hefði hann verið færður í fangageymslu og þar í fangaklefa. Hann hefði margsinnis óskað eftir, að hann yrði færður á slysadeild, þar sem hann væri með brotnar tennur, en því ekki verið sinnt. Blóð hefði lekið úr auganu vinstra megin, munni, nefi og undir höku. Að u.þ.b. klukkustund liðinni hefði það verið gert.

Sigurður segir, að unnusta sín, Helena Jónsdóttir, hafi komið á slysadeildina og sýnt sér, að hann hefði fingraför eða rauða bletti á hálsinum. Hann hefði litið í spegil og séð þetta og spurt hjúkrunarkonuna á staðnum, hvort þetta kæmi fram í skýrslunni, og hún svarað því játandi. Við skoðun á slysadeild hefði komið í ljós, að hann var með áverka á vinstri kinn og undir höku, skurður á vinstri augnkrók var límdur saman og fimm tennur hefðu brotnað, en síðar um morguninn hefði sér verið vísað til tannlæknis. Hefði grunur leikið á, að hann væri kjálkabrotinn, en við myndatöku hefði komið í ljós, að svo var ekki.

Sigurður segir, að Egill Jakob Guðjohnsen tannlæknir hafi skoðað sig samdægurs og eftir það hafi hann einu sinni farið til hans, en fái bráðlega tíma hjá honum. Sjö tennur hafi brotnað í sér, og hafi ein verið fjarlægð strax.

Vitnið Birna Pálína Einarsdóttir var einnig í samkvæminu. Kveður hún almenna ölvun hafa verið, en hún hafi ekki neytt áfengis. Er lögreglumenn visuðu fólkinu út, hefði hún orðið samferða Sigurði Kaldal, og voru þau með þeim síðustu út. Hún hefði staðið við hlið Sigurði fyrir framan hliðið við útganginn á Bergþórugötu 1, sem snýr að Frakkastíg. Sigurður hefði verið rólegur og yfirvegaður, á meðan þau stóðu þarna, og hún ekki merkt, að hann væri undir áfengisáhrifum. Þau hefðu rætt um það að blandast ekki í þessi læti, því að lögreglan hefði beitt talsverðri hörku og handtekið menn. Þau hefðu staðið þarna og ekkert aðhafst, en fylgst með því, er

lögreglumenn handtóku fólk, sumt af litlu tilefni. Fyrst hefði piltur verið handtekinn, sem var með læti, og síðan annar. Fólk hefði staðið fyrir utan Bergþórugötu 1 og fylgst með, og einnig hefði fólk verið á lóðinni við Kárastíg 3. Tveir aðrir hefðu verið handteknir og settir í lögreglubifreið, sem stóð gegnt þeim hinum megin við götuna, og kveðst vitnið telja, að hún hafi staðið á svipaðan veg og sú lögreglubifreið, sem sýnd er á myndum tæknideildar. Þau hefðu síðan fært sig út á götuna, þar sem ástandið var farið að róast, nær lögreglubifreiðinni, en ekkert aðhafst frekar. Sigurður Kaldal hefði ekkert haft sig í frammi á vettvangi, hvorki sent lögreglumönnum glósur né sýnt af sér aðra dónalega háttsemi. Henni er bent á framburð vitna um það, að Sigurður hafi reynt að æsa upp viðstadda með því að segja þeim að fara yfir á lóðina við Kárastíg 3, en vitnið kveðst ekki hafa heyrt þetta. Hún hafi síðan kvatt Sigurð og gengið upp Frakkastíg, en Sigurður Kaldal hafi gengið áleiðis heim til sín, og hafi hún ekki séð meira til hans.

Vitnið Alfreð Jóhannes Alfreðsson háskólanemi kveðst hafa verið í próflestri umrætt sinn að Bergþórugötu 1 og því allsgáður. Hann hafi verið í herbergi á annarri hæð, sem snýr í vestur út að Frakkastíg. Hann hafi ætlað að hvíla sig, en upp úr kl. 2.00 hafi fólk tekið að streyma að húsinu. Hafi hann grunað Þorfinn Þorfinnsson, sem hefur íbúðina með sér, um að hafa boðið fólki heim að loknum dansleik. Um kl. 3.00 hafi húsið verið orðið fullt af hávaðasömu og ölvuðu fólki. Hann hafi að mestu haldið sig í herbergi sínu. Lögreglumenn hafi tvívegis komið á staðinn vegna kvartana um hávaða. Þeim húsráðendum hafi verið sagt að rýma íbúðina, en illa hafi gengið að koma fólkinu út, og hafi lögreglumennirnir að lokum rýmt húsnæðið. Fyrir utan hafi verið margt fólk og einhverjar stimpingar, enda margir ósáttir við það, hvernig lögreglumenn stóðu að því að leysa upp samkvæmið. Úr glugganum á ofangreindu herbergi hafi hann séð vel yfir vettvang og fylgst með handtökum lögreglumannanna, og hafi þeir fært a.m.k. tvo hinna handteknu inn í lögreglubifreið, sem stóð gegnt húsinu hinum megin á götunni. Bifreiðinni hafi verið lagt hinum megin við götuna á þann veg, sem myndir tæknideildar sýni. Sér hafi vírst um fjöldahandtökur að ræða. Hann hafi staðið við gluggann dágóða stund. Er hann kom auga á Sigurð Kaldal, hafi lögreglumaður dregið hann upp Frakkastíginn. Er hér var komið sögu, hafi aðgerðum lögreglu vírst lokið. Lögreglumennirnir, sem voru um 7 - 8, hafi flestir staðið við eða fyrir aftan umrædda lögreglubifreið, þ.á m. tvær lögreglukonur. Búið hafi verið að loka afturdyrum hennar. Er honum var bent á framburð vitna um þetta atriði, einkanlega lögreglumannanna, ítrekaði hann, að hann hefði ekki séð þá handtaka menn, eftir að hann kom auga á Sigurð. Hann segir, að umræddur lögreglumaður hafi haldið aftan í hálsmálið á flik Sigurðar, þannig,

að hendur og fætur drógust eftir götunni, fæturnir hafi dregist eftir götunni ca. frá hnjám. Að sínu mati hafi ekki farið á milli mála, að Sigurður hafi verið algjörlega meðvitundarlaus. Hann hafi verið gersamlega hreyfingarlaus, andlit og hár hafi lafað niður, enginn vafi sé á, að Sigurður hafi verið án meðvitundar allan þann tíma, sem hann sá hann, uns hann var settur inn í lögreglubifreiðina.

Alfred Jóhannes segir, að hann hafi séð til ferða lögreglumannsins með Sigurð í þessu taki nokkurn spöl frá lögreglubifreiðinni, ca. frá umferðarmerkinu, bannmerkinu við stöðvun, sem getur að líta á myndum tækni-deildar af vettvangi. Lögreglumaðurinn hafi haldið Sigurði í þessum tókum frá þeim stað, uns hann átti skammt ófarið að lögreglubifreiðinni. Þá hafi hann staldrað þar við um stund með Sigurð í þessu taki, en síðan skyndilega sleppt takinu með þeim afleiðingum, að Sigurður skall af afli með andlitið í götuna. Sigurður hafi fallið máttlaus með andlitið beint niður í götuna, og af því og skellinum, sem hann heyrði, hafi hann ályktað, að Sigurður hefði dottið beint á ennið, en vera kunni, að hann hafi dottið annars staðar á andlitið, þar sem hann sá ekki nákvæmlega, hvernig andlitið kom niður á götuna. Höggið hafi verið svo mikið, að hann hafi heyrt skellinn, þar sem hann stóð við gluggann, þótt hann væri lokaður, en einfalt gler sé í glugganum. Nokkrum lögreglumannanna, sem þarna stóðu, hafi sýnilega brugðið mjög. Hafi hann merkt það af látbragði þeirra, m.a. hafi tveir þeirra snúið sér undan. Sigurður hafi legið í þessu ástandi hreyfingarlaus þó nokkra stund og lögreglumennirnir staðið þannig yfir honum aðgerðalausir, en síðan hafi einhverjir þeirra ýtt með fótunum við honum eins og til að kanna, hvort hann væri með meðvitund. Sig hafi mest langað til að fara út og koma mannninum til aðstoðar vegna aðgerðaleysis lögreglumannanna, en ekki þorað það, þar sem hann vildi ekki lenda í vandræðum. Lögreglumennirnir hafi ekki virst vita, hvað næst skyldi til bragðs taka. Kveðst Alfred Jóhannes hafa búist við sjúkrabifreið á staðinn, þar sem Sigurður hlyti að hafa stórslasast við þessa meðferð. Þess í stað hafi nokkrir lögreglumannanna tekið undir handleggi og fótleggi Sigurði og kastað honum þannig inn í stóra lögreglubifreið, sem þá var komin á vettvang, og hafi hann heyrt skellinn, er Sigurður lenti á gólfi lögreglubifreiðarinnar. Hann segir, að þessi lögreglubifreið hafi snúið með framenda niður Frakkstíg, og hafi verið nokkrir metrar milli lögreglubifreiðanna.

Vitnið Þorfinnur Þorfinnsson matreiðslumaður segir, að þessa nótt hafi hann boðið heim fólki í samkvæmi að Bergþórugötu 1, en þar leigi hann íbúð ásamt Alfred Jóhanni Alfregðssyni. Þegar liða tók á samkvæmið, hefði verið þar talsverð ölvun og um 50-60 manns. Hann hefði verið nær allsgáður, neytt litils háttar áfengis fyrr um kvöldið, úr einu eða tveimur glösum. Hann hefði fljótlega hætt að drekka, þar sem hann átti að fara

til vinnu næsta dag. Lögreglumenn hefðu tvívegis komið á staðinn vegna hávaða. Í fyrra skiptið hefði verið lækkað í hljómtækjum, en í hið síðara hefðu þeir rekið fólkið út, um 15-20 manns. Það hefði safnast saman fyrir utan húsið. Hann segir, að hann hafi, er hann kom út, staðið fyrir utan húsið á horni Frakkastígs og Bergþórugötu. Lögreglubifreið hefði staðið hinum megin á götunni á Frakkastignum uppi á gangstétt gegnt þeim stað, er hann stóð á. Lögreglubifreiðin hefði staðið á sama stað og lögreglubifreiðin á myndum tæknideildar af vettvangi. Handtökur hefðu staðið yfir, og voru lögreglumenn og þeir, sem höfðu verið á Bergþórugötu 1 m.a., í handalögmálum á auða svæðinu við Káratíg 3. Einhverjir hefðu hlaupið á brott, en lögreglumennirnir enn verið að handtaka menn og færa í lögreglubifreiðina, en mestu ólætin hefðu verið liðin hjá og svo virst sem aðgerðum lögreglu væri u.þ.b. að ljúka. Hann hefði séð, er Sigurður Kaldal, sem stóð hjá sér, gekk yfir götuna og ætlaði að ganga aftur fyrir lögreglubifreiðina og heim til sín, en lögreglukona hefði stöðvað hann. Þorfinnur vissi ekki, hvort búið var að loka afturdyrum lögreglubifreiðarinnar, þegar hér var komið sögu. Hann hefði ekki heyrt, hvað þeim fór á milli, en séð Sigurð benda heim til sín. Í þessu hefði borið að lögreglumann, sem stöðvaði Sigurð, og hefði hann ekki reynt að komast fram hjá lögreglumanninum. Hann hefði ekki heyrt, hvað þeim fór á milli, en lögreglumaðurinn hefði ýtt á brjóst Sigurði og farið þannig með hann talsverða leið niður Frakkastíginn, um það bil að þeim stað, sem bakarið er. Þessu næst kveðst hann hafa séð, að lögreglumaðurinn, sem enn sneri baki í vitnið, tók Sigurð taki, eins og beitt er við hálstak, en hann kveðst ekki vera viss um, að hann hafi tekið utan um háls Sigurði eða annars staðar, þar sem hann sneri baki í vitnið.

Við yfirheyrslu fyrir lögreglu kvaðst Þorfinnur hafa séð í framhaldi af því, að lögreglumaðurinn ýtti á brjóst Sigurði, að sá fyrrnefndi var kominn með Sigurð í hálstak, þ.e. tók utan um háls hans aftan frá. Við meðferð málsins kveðst hann hafa talið, að lögreglumaðurinn hafi tekið þessu taki utan um háls Sigurði, þar sem hann féll þegar hreyfingarlaus í götuna, eftir að hann var tekinn þessu taki, og af því ályktað, að lögreglumaðurinn hefði „svæft hann“ með hálstaki. Eftir þetta hefði lögreglumaðurinn dregið Sigurð, sem eftir öllum ummerkjum virtist gersamlega meðvitundarlaus, í átt að lögreglubifreiðinni; hann hefði haldið með annarri hendi í hálsmál Sigurðar aftan frá, og fætur og hendur hefðu lafað niður með síðunum og höfuðið lafað niður. Þegar lögreglumaðurinn var kominn að lögreglubifreiðinni, en þar stóð þá hópur lögreglumanna, hefði hann haldið honum smástund í þessu sama taki, og var Sigurður enn alveg máttlaus, að því er virtist. Skyndilega hefði hann sleppt takinu, og við það hefði Sigurður dottið beint á andlitið í götuna, og hefði hann heyrt smellinn við höggið

þangað, sem hann stóð. Af smellinum virtist honum sem hann hefði lent á kjálkunum, því að tennurnar virtust skella saman. Hann hefði aldrei borið fyrir sig hendurnar í fallinu, enda máttlaus. Í framhaldi af þessu hefðu einhverjir lögreglumannanna potað fótunum í Sigurð, og hefði hann enn legið hreyfingarlaus. Í beinu framhaldi af því hefðu þeir tekið í hendur hans og fætur, og hefði andlitið enn snúið niður, og þannig hefðu þeir fleygt honum inn í lögreglubifreið, sem þarna hefði nýlega komið að. Þessari lögreglubifreið hefði verið ekið næstum samsíða hinni lögreglubifreiðinni. Báðar lögreglubifreiðarnar hefðu snúið í sömu akstursstefnu, en lögreglubifreið þeirri, sem síðar kom, hefði verið ekið aftur á bak, skáhallt, að þeirri, sem var uppi á gangstéttinni, svo að framendi hinnar fyrrgreindu sneri í átt að gatnamótum Bergþórugötu og Frakkastígs.

Porfinnur kveður það rangt, að Sigurður hafi verið með meðvitund, er lögreglumennirnir stumruðu yfir honum eftir fallið, og hann hafi gengið studdur að lögreglubifreiðinni. Hið rétta sé, að honum hafi verið hent á ofangreindan veg inn í lögreglubifreiðina í sama ástandi og hann hefur fyrr lýst.

Vitnið Sigurður Ragnarsson var einnig í þessari teiti. Kveðst hann hafa neytt áfengis og verið undir áhrifum, en þó ekki ölvaður. Hann hafi verið búinn að drekka nokkur glös af áfengi á um 5-6 tímum, en áður en hann yfirgaf samkvæmið, hefði hann ekkert áfengi drukkið í um tvo tíma. Hann kveðst hafa staðið við horn hússins Bergþórugötu 1 á gatnamótum Bergþórugötu og Frakkastígs. Lögreglumenn voru að handtaka fólk, sem hafði verið vísað úr samkvæminu, og minntist hann þess, að einn hafði verið færður í stóra lögreglubifreið, sem stóð hinum megin við götuna. Hefði bifreiðin staðið á þann veg, sem sýnt er á myndum tæknideildar. Hann hefði þá séð, hvar lögreglumaður kom með mann, sem hann dró upp eftir götunni áleiðis að afturenda lögreglubifreiðarinnar. Sýndist vitninu, að lögreglumaðurinn héldi undir manninn, en maðurinn dró eftir sér fætur og hendur, og sneri andlitið niður að götunni. Virtist maðurinn gersamlega meðvitundarlaus. Merkti vitnið það af því, að hann var alveg máttlaus, og því, sem á eftir fór. Lögreglumaðurinn hefði haldið manninum tiltölulega hátt, því að hinn fyrrnefndi hefði ekki beygt sig. Hann hefði ekki séð nákvæmlega, hvernig lögreglumaðurinn hélt manninum, en telur, að hann hafi haldið undir bringu honum, eins og gegnum handarkrika, og búkurinn vísað niður. Er lögreglumaðurinn átti um 1½ metra eftir að lögreglubifreiðinni, en vitnið man ekki, hvort afturdyrnar voru þá opnar, hefði lögreglumaðurinn skyndilega sleppt takinu á manninum. Maðurinn hefði þá enn verið gersamlega máttlaus og ekki borið hendurnar fyrir sig í fallinu. Skellurinn hefði verið svo mikill og hvellur, að hann hefði heyrst þangað, sem vitnið stóð. Maðurinn hefði fallið beint niður á andlitið, en nánar,

hvar á andlitinu hann lenti, getur vitnið ekki lýst. Maðurinn hefði legið hreyfingarlaus á götunni eða gangstéttinni, þar sem hann féll, og í beinu framhaldi af því hefði hann verið færður inn í ofangreinda lögreglubifreið. Hann kveðst ekki hafa séð, hvernig hann var færður inn í bifreiðina, þar sem hurðirnar hafi verið opnar og þær byrgt sér sýn. Lögreglubifreiðin hefði verið sömu gerðar og um það bil á sama stað og sú, sem sést á myndum tæknideildar. Taldi hann ekki, að önnur lögreglubifreið hefði komið á staðinn. Á meðan á þessu stóð, hefði vinkona sín, Steinunn Rósa, staðið við hlið sér og séð það, sem fram fór. Þau hefðu rætt atburðinn og báðum verið brugðið.

Um svipað leyti kveðst vitnið hafa séð lögregluna koma út með mann í handjárnnum, og var hann færður í aðra lögreglubifreið. Þetta hafi allt gerst mjög snögg og þessi handtaka sennilega átt sér stað, eftir að hann sá ofangreindan mann, sem var dreginn, færðan í aðra lögreglubifreið.

Sigurður kveðst ekki hafa séð manninn, sem var dreginn að lögreglubifreiðinni, á tali við lögreglumennina, áður en ofangreindir atburðir gerðust. Hann hafi ekki orðið var við hann á vettvangi, fyrr en hann sá hann í ofangreindum tókum lögreglumannsins.

Vitnið Steinunn Rósa Sturludóttir var einnig í hópi samkvæmisgesta. Hún segir, að flestir þeirra hafi verið drukknir. Hún kveðst hafa þekkt annan húsráðenda, Þorfinn Þorfinnsson, en hinn húsráðandann hafi hún ekki þekkt, og geti hún ekki borið, hvort hann hafi verið undir áhrifum áfengis eða ekki.

Hún kveðst hafa neytt áfengis, og er hún kom út úr húsinu, hefði hún verið undir nokkrum áfengisáhrifum. Hún hefði drukkið um kvöldið, farið út að borða og drukkið léttvín með matnum og seinna um kvöldið drukkið um 4 glös af sterku áfengi, blönduðu í gosi. Hún segir, að er hún hafi komið út úr húsinu um hliðið, hafi hún gengið upp að horni Frakkastígs og Bergþórugötu 1. Talsverður fjöldi fólks hafi verið þarna fyrir utan og flestir drukknir. Gegnt Bergþórugötu 1 á Frakkastígnum hafi staðið stór lögreglubifreið, og segir hún, að henni hafi verið lagt á svipaðan hátt og myndir tæknideildar sýna. Lögreglukona hafi staðið við bifreiðina og gætt þess, að fólk færi þar ekki fram hjá. Æsingur hafi verið í fólkinu, þar sem samkvæmið hafði verið leyst upp. Flestir hafi staðið við ofangreint hlið. Við hlið sér hafi staðið Sigurður Ragnarsson, og hafi hann skyndilega bent sér á mann, sem var í tókum lögreglumannanna, og sagt eitthvað á þá leið: „En hvað þetta er ógeðslegt.” Hún getur ekki lýst nánar, í hvaða tókum maðurinn var eða hvort einn eða fleiri lögreglumenn héldu honum, en þarna fyrir aftan lögreglubifreiðina hafi verið talsvert margir lögreglumenn. Skyndilega hafi manninum verið hent beint á andlitið í götuna. Hann hafi verið alveg máttlaus og ekki borið hendur fyrir sig í fallinu. Við fallið

hafi hún heyrt „ógeðslegt“ hljóð, mikinn smell. Hún segir, að í framhaldi af þessu hafi manninum verið hent eins og heypoka inn í ofangreinda lögreglubifreið, sem var opin að aftanverðu. Hún minnst þess ekki, að önnur lögreglubifreið hafi komið á staðinn og verið lagt nálægt lögreglubifreiðinni, hún muni ekki betur en manninum hafi verið kastað inn í lögreglubifreiðina, sem stóð á vettvangi. Við nánari athugun minnir hana, að hún hafi séð í gegnum afturrúðu bifreiðarinnar, þegar manninum var hent inn í hana á umræddan hátt.

Vitnið Arnar Jónsson bjó um þetta leyti á neðri hæð að Bergþórugötu 1. Hann kveðst hafa hringt þrívégis í lögreglu umrædda nótt vegna ölvunar og óláta á efri hæð hússins. Er lögreglumennirnir komu í síðasta skiptið, hafi verið talsvert af fólki utan dyra með ölvunarlæti og ógnanir og svívirðingar í garð lögreglumannanna. Kveðst Arnar hafa verið allsgáður umrætt sinn. Sér hafi vírst Alfreð Alfreðsson það einnig, enda hafi Alfreð verið einn heima, áður en samkvæmisgestir komu á staðinn. Hins vegar hafi hinn húsráðandinn, Þorfinnur, verið undir áfengisáhrifum.

Arnar kveðst hafa staðið við nyrðri gluggann á vesturgafli hússins, sem viti út að Frakkastíg. Hann hafi séð lögreglubifreið standa á svipaðan veg og sýnt er á myndum af vettvangi. Kveðst hann hafa séð yfir á lóðina við Kárástíg 3. Einhver úr hópi þeirra, sem komnir voru út úr húsinu, hefði sagt eitthvað í þeim dúr: „Þeir eru bara þrír, en við sjö, af hverju ráðumst við ekki á þá?“-- og hafi þar verið átt við lögreglumennina. Skömmu eftir þetta hefði hann séð, að lögreglumaður hélt manni, sem hann seinna þekkti sem Sigurð Kaldal, en þeir séu báðir nemendur í H.Í., í tókum, og hefði lögreglumaðurinn haldið í hálsmál Sigurðar. Hinn fyrrnefndi hefði vírst vera að fylgjast með einhverju norðar í götunni, því að þangað hefði hann litið í þann mund, sem hann sleppti takinu á Sigurði. Sigurður hefði vírst vera máttlaus og andlitið vísað niður, er lögreglumaðurinn sleppti takinu. Segir vitnið, að Sigurður hljóti að hafa lent á andlitinu í fallinu. Hann hafi heyrt skell, er hann féll í götuna. Hann kveðst ekki geta um það borið, hvort lögreglumaðurinn hafi sleppt takinu eða misst það. Hann segist ekki hafa verið í aðstöðu til að sjá, hvort Sigurður rankaði við sér eftir fallið, þar sem aðra lögreglubifreið hafi borið að, en henni hafi verið ekið norður Frakkastíginn og stöðvuð nokkurn veginn samsíða hinni á götunni. Í þá lögreglubifreið hafi Sigurður verið færður. Kveðst hann ekki hafa séð, hvort hann var studdur eða honum haldið í átt að lögreglubifreiðinni. Þegar að lögreglubifreiðinni kom, hafi hann verið færður frekar harkalega inn í hana, en með hvaða hætti, geti hann ekki borið, en tveir lögreglumenn hafi haldið í hann. Hann telur, að Sigurður hafi þó ekki verið færður mjög harkalega í bifreiðina, en hins vegar hafi hann ekki verið settur þangað með varfærni. Í framhaldi af þessu hafi lögreglukona farið á eftir Sigurði inn í lögreglubifreiðina og henni ekið á brott.

Lögreglumenn þeir, sem fóru á vettvang, hafa allir verið yfirheyrðir. Ber þeim í öllum meginatriðum saman um það, af hvaða tilefni þeir voru kallaðir á vettvang umrætt sinn, á hvaða bifreiðum þeir komu, hvernig þeim var lagt á vettvangi, svo og, með hverjum þeir komu á vettvang, svo sem lýst hefur verið að framan. Verður nú rakinn framburður þeirra.

María Pálsdóttir lögreglumaður kveðst hafa staðið fyrir aftan lögreglubifreiðina, sem stóð á Frakkastígnum gegnt Bergþórugötu 1. Nokkrir menn höfðu þegar verið handteknir og færðir í bifreiðina. Verið var að handtaka tvo menn, þegar Sigurður Kaldal kom gangandi og hugðist ganga aftur fyrir bifreiðina. Sagðist hann vera á leið heim til sín og benti þangað. Verið gæti, að annar hina handteknu hafi verið kominn inn í bifreiðina, en aðgerðum hafi ekki verið lokið, þegar Sigurður hugðist ganga aftur fyrir hana.

Þar sem handtökur voru yfirstandandi, kveðst hún hafa vísað Sigurði fram fyrir bifreiðina, en hann hafi ekki sinnt því. Sigurður hafi ekki sýnt af sér ókurteisi eða aðra háttsemi, sem olli því, að hún vísaði honum frá, hún hafi eingöngu gert það til þess, að hann færi ekki þarna í gegn, þar sem handtökur stóðu yfir. Hún hafi ekki heldur orðið þess vör, að Sigurður hefði sig í frammi, áður en hún hafði tal af honum, enda hafi hún verið nýkomin á vettvang. Í framhaldi af þessu hafi hún heyrt ákærða segja við Sigurð, hvort hann hefði ekki heyrt, hvað vitnið sagði við hann. Áður en ákærði sagði þetta, sneri Sigurður sér við og frá vitninu, og taldi hún, að hann væri á leið í burtu. Eftir að hún heyrði spurningu ákærða, varð hún ekki vör við ákærða og Sigurð, fyrr en hún leit skömmu síðar niður að horni Frakkastígs og Kárástígs, og voru þeir þá í einhverjum viðræðum þar. Hún varð ekki vör við átök eða að ákærði hefði tekið Sigurð tökum, enda hefði hún ekki haldið áfram að fylgjast með þeim, eftir að hún sá þá á horninu í viðræðum. Hið næsta, sem vitnið sá, var, að ákærði dró Sigurð eftir götunni með því að halda annarri hendi í hálsmálið á jakka Sigurðar. Námu hné hans við götu, og drógust fætur eftir götunni, og hendur lögðu niður. Henni virtist Sigurður meðvitundarlaus, þar sem hann var algjörlega hreyfingarlaus. Er ákærði kom með hann að lögreglubifreiðinni í þessum tökum, hefði hann annaðhvort sleppt eða misst tök á honum, svo að hann datt máttlaus niður með andlitið í götuna. Sér hefði brugðið við þetta. Hún kveðst ekki hafa séð nákvæmlega, hvar á andlitið hann kom niður, enda hefði hún ekki kannað meiðsli hans. Hún segir, að aðfarir ákærða, er hann kom með Sigurð í átt að lögreglubifreiðinni á þann hátt, sem hún hefur lýst hér að framan, hafi ekki verið eðlilegar aðfarir við handtöku. Hún segir, að þessu næst hafi ákærði og Ásgeir reist Sigurð á fætur og hann gengið sjálfur, studdur af þeim, í lögreglubifreiðina, þar sem Runólfur tók við honum. Runólfur hefði verið annaðhvort við aftur-

enda bifreiðarinnar eða uppi í henni. Það sé því alrangt, að Sigurði hafi verið fleygt inn í bifreiðina. Á leiðinni í bifreiðinni hafi Sigurður sagt, að hann væri með þrjár brotnar tennur. Sigurður hafi verið hruflaður í andliti, og blætt hafi úr munni hans. Hafi hann greinilega ekki vitað, hvernig hann fékk áverkana, en sagt eitthvað á þá leið, að hann hlyti að hafa verið barinn. María segir, að afskiptum sínum af málinu hafi lokið, er Sigurður var færður inn á lögreglustöðina, en hún hafi ekki fært hann fyrir varðstjóra.

María kveðst ekki hafa orðið þess vör, að lögreglumennirnir hafi rætt um það sín á milli á vettvangi, hvað gerðist.

María kannast við að hafa orðið vitni að því, að lögreglumenn hafi í starfi sínu við erfiðar aðstæður beitt svokölluðu hendingartaki við handtöku, en í þeim tilvikum hafi menn vankast, en ekki misst meðvitund.

Kristína Sigurðardóttir lögreglumaður segir, að margt manna hafi verið á vettvangi og talsverður æsingur fyrir utan Bergþórugötu 1. Menn hafi látið ófriðlega, og hafi nokkrir ólátaseggir verið handteknir. Stóð hún ásamt Maríu fyrir aftan lögreglubifreiðina, er Sigurður Kaldal kom þar að og hugðist ryðjast aftur fyrir bifreiðina, en María sagt honum að fara aðra leið, þar sem verið var að handtaka nokkra menn og færa í lögreglubifreiðina. Sigurður hefði ætlað heim til sín og hann bent þangað. Aðgerðum hefði verið lokið, er Sigurður hugðist ganga aftur fyrir bifreiðina. Hún varð þess ekki vör, að Sigurður hefði sig í frammi, áður en þetta var, en hún hefði verið að fylgjast með öðru. Fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins bar vitnið hins vegar, að Sigurður hefði verið að æsa fólk upp og segja því að koma inn á lóðina hjá sér, því að þar gæti lögreglan ekki handtekið það. Treysti vitnið sér ekki við meðferð málsins til að staðfesta þennan framburð sinn.

Hið næsta, sem hún sá, var, að ákærði ýtti á brjóstkassa Sigurði með annarri hendi. Ekki heyrði hún, hvort ákærði ávarpaði Sigurð áður, enda var hún að sinna öðru. Hið næsta, sem hún sá, var, að ákærði kom gangandi upp Frakkastíginn í átt að lögreglubifreiðinni með Sigurð í tökum, þ.e., ákærði hefði haldið annarri hendi í hálskraga Sigurðar og dregið hann eftir götunni. Hendur og fætur hafi lafað niður og fæturnir dregist eftir götunni fyrir neðan hné. Hún minnst þess ekki, hvernig höfuð hans var, en hann hafi verið, að því er henni virtist, máttlaus, en kveðst ekki geta fullyrt, hvort hann hafi verið meðvitundarlaus. Þegar ákærði átti nokkra metra ófarna að lögreglubifreiðinni, hefði hann misst takið eða sleppt því á manninum, sem enn var máttlaus, með þeim afleiðingum, að hann féll með andlitið í götuna, svo að skall í. Hefði hann ekki borið fyrir sig hendur í fallinu og fallið á vinstri kinn. Vitnið segir, að sér hafi brugðið við þetta. Þær aðferðir, sem hún sá ákærða beita, er hann kom með manninn á ofangreindan hátt að lögreglubifreiðinni, hefðu ekki verið eðlilegar miðað við

þær aðferðir, sem viðhafðar séu við handtöku. Í framhaldi af þessu hefði maðurinn legið örskamma stund í götunni, en þá hefðu ákærði, Runólfur og Ásgeir komið og hjálpað manninum á fætur og komið honum inn í lögreglubifreið, sem þá var nýkomin á staðinn. Sú lögreglubifreið hefði verið sömu gerðar og ofangreind lögreglubifreið og henni verið lagt á götuna mjög nálægt hinni fyrrnefndu. Lögreglubifreiðinni, sem hann var færður í, hefði verið ekið aftur á bak niður Frakkastíg og staðnæmst skammt frá hinni fyrri. Ákærði og Ásgeir hefðu stutt manninn að lögreglubifreiðinni, en örstuttu seinna hefði hann setið aftur í bifreiðinni með Maríu og Runólfi. Hún kveðst ekki hafa séð, er hann var færður upp í bifreiðina, en telur fullvíst, að honum hafi ekki verið kastað inn í hana; ef svo hefði verið, hefði hún orðið þess vör. Þeir lögreglumennirnir hefðu ekki rætt þennan atburð á vettvangi.

Kristína kannast við að hafa orðið þess vör í starfi sínu, að við handtöku væru menn svæfðir með hálstaki, en hálstak þetta væri stundum notað, án þess að menn væru svæfðir, og væri það þá gert, ef menn væru mjög erfiðir og æstir.

Björn Gíslason lögreglumaður segir, að nokkrir hafi verið handteknir á vettvangi. Þeir (sic) hafi kallað á aðstoð, þar sem margt var um manninn á vettvangi, og nokkrir verið handteknir, en síðar hafi sú aðstoð verið afþökkuð, þar sem þeir höfðu vald á ástandinu. Hann segir, að u.þ.b., sem handtökum hafi verið að ljúka, hafi hann farið yfir í lögreglubifreiðina, sem hann kom á, en komið aftur að Frakkastígnum og þá séð ákærða í nokkurri fjarlægð koma upp Frakkastíg með mann í tókum. Hann hafi séð þennan mann fyrir úti á götunni, en ekki orðið þess var, að hann áreitti lögreglumennina. Ákærði hafi haldið manninum þannig, að fætur drógust eftir götunni og hendur voru máttlausar. Hann hafi haldið yfir háls mannsins í fót hans og þannig dregið hann með annarri eða báðum höndum eftir götunni. Brjóst mannsins og andlit hafi snúið fram. Maðurinn virtist rænulaus eða rænulítill. Brá vitninu við þetta, spretti úr spori og kallaði til ákærða að gæta að manninum, þar sem vitnið vissi ekki, hvort ákærði gerði sér grein fyrir ástandi hans, en vitnið veit ekki, hvort ákærði heyrði til sín. Hann hefði ekki náð að koma að ákærða, því að áður en til þess kom, er ákærði átti örfáa metra eftir að lögreglubifreiðinni, hefði ákærði sleppt takinu á manninum, sem við það féll á andlitið í götuna, en þar sem vitnið var skammt frá, kveðst það ekki hafa séð nánar, hvar á andlitið maðurinn kom niður, en heyrst hefði dynkur við fallið. Eftir fallið lá maðurinn hreyfingarlaus, en nærstaddir lögreglumenn brugðu þegar við og reistu hann við og studdu inn í lögreglubifreið, sömu gerðar og að ofan greinir, sem þá var nýlega komin á Frakkastíginn. Þeirri bifreið hafi verið ekið frá Bergþórugötu inn á Frakkastíg fram hjá fyrrgreindri lögreglubifreið, þar sem

hún var stöðvuð, og var maðurinn færður varfærnislega inn í hana. Hann kvað það rangt, að manninum hefði beinlínis verið kastað inn í bifreiðina.

Björn segir, að Einar Matthías hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi, en veit ekki, hver tók ákvörðun um að handtaka manninn og færa á lögreglustöðina. Margir óreyndir lögreglumenn hafi verið á vettvangi, og það tíðkist ekki, að sá, sem stjórnir aðgerðum á vettvangi, sé hinn eini, sem taki ákvörðun um handtöku.

Hann kveðst kannast við, að stundum sé beitt svokölluðu hengingartaki við handtöku á erfiðum mönnum, sem ekkert verður við ráðið, en það sé ekki gert í þeim tilgangi að svæfa þá, heldur til að ráða betur við þá.

Árni Ólafsson lögregluflokksstjóri kveðst hafa verið bifreiðarstjóri á lögreglubifreið, sem hann lagði gegnt húsinu Bergþórugötu 1 við vestari gangstéttarbrún Frakkastígs umrætt sinn. Staðfesti vitnið fyrir dóminum, að það hefði lagt bifreið sömu gerðar á svipaðan hátt, er vettvangur var ljósmyndaður við sviðsetningu tæknideildar RLR. Það segir, að lokið hafi verið handtöku nokkurra manna og þeir verið færðir í ofangreinda bifreið. Menn hafi látið ófriðlega á vettvangi, og minnst það sérstaklega, að Sigurður Kaldal hafði sig í frammi; hann hafi t.d. staðið á lóðinni milli Frakkastígs og Kárastígs 3 og hvatt menn til að fara inn á þá lóð, þar sem hann hefði umráð hennar. Hann hafi aðallega haft sig í frammi í orði, þó ekki umfram aðra.

Árni kveðst sjálfur hafa staðið skáhallt aftan við afturhorn lögreglubifreiðarinnar, þegar hann sá ákærða út undan sér til hliðar, og sá hann á bakhluta hans eða skáhallt á hlið hans. Stóð hann rétt við lögreglubifreiðina og hélt manni í tókum við hægri hlið eða framan við sig. Um leið og hann sá ákærða með manninn, sá hann, að maðurinn féll í götuna beint á andlitið, og taldi hann sig hafa heyrt smell. Hann sá ekki, í hvaða tókum ákærði hélt manninum, þetta hefði gerst svo snögg. Hann hefði séð ákærða í sama mund og maðurinn féll í götuna. Maðurinn hafi verið til-tölulega láréttur. Nærstaddir lögreglumenn hafi strax hugað að manninum, en Árni kveðst ekki hafa verið einn þeirra og geti því ekki borið um, hvort maðurinn bar áverka. Strax eftir að hann sá manninn falla í götuna, hefði hann farið að sinna öðru og geti því ekki um það borið, hvort hann var strax reistur við, en atburðir hafi gerst hratt, og sé óhugsandi, að maðurinn hafi legið þarna í einhverjar mínútur, áður en lögreglumennirnir sinntu honum, þar sem svo stuttur tími leið, frá því að hann sá manninn detta og þar til hann sá hann studdan stuttan spöl milli tveggja lögreglumanna að lögreglubifreiðinni. Árni kveðst ekki heldur hafa séð, þegar hann var færður inn í lögreglubifreiðina, en hann hafi verið færður í bifreið sömu gerðar og þá, sem hann ók á vettvang. Minnst hann, að fyrrgreindri bifreið hafi verið ekið norður Frakkastígs og hún stöðvuð rétt fyrir aftan hina síðar-

nefndu. Hann kveðst ekki hafa séð Sigurð Kaldal aftur fyrr en á lögreglustöðinni, en þar hafi hann heyrt hann tala um, að hann væri með brotnar tennur eða tönn, og sá, að hann var með skrámur í andliti. Árni kveðst ekki hafa verið einn þeirra lögreglumanna, sem færði Sigurð fyrir varðstjóra. Hann hefði ekki haft önnur afskipti af honum.

Árni segir, að þeir lögreglumennirnir hafi ekkert rætt um það, hvað hafi getað valdið því, að maðurinn var rænulaus eða rænulítill, er hann féll á götuna.

Hann kannast ekki við, að lögreglumenn noti við störf sín svokallað hengingartak.

Einar Matthías Þórarinsson lögregluflokksstjóri kveðst hafa farið inn í húsið Bergþórugötu 1 og vísað fólki út og tekið ákvörðun um, að sex menn voru handteknir og færðir í lögreglubifreið þá, sem lagt var gegnt húsinu á Frakkastíg. Fólkið hafi allt verið meira eða minna ölvað, þar á meðal Alfred Alfredsson, annar húsráðenda. Fyrir utan hafi sumt af því fólki, sem vísað var út, safnast saman og verið með háreysti, og hafi hann vegna þessa ástands séð ástæðu til að kalla á aðstoð. Sigurður Kaldal hafi verið í þeim hópi, er stóð fyrir utan, og hafi hann truflað störf þeirra í orði, verið með ýmsar athugasemdir og þvælst fyrir þeim við handtökurnar. Hafi Sigurður m.a. sent sér tóninn, og hafi hann margbeðið Sigurð að fara af vettvangi. Aðrir hafi þó verið verri en hann, og kveðst vitnið ekki hafa séð ástæðu til að handtaka hann, þótt það væri á mörkunum. Ekki hafi hann orðið þess var, að Sigurður væri á tali við lögreglukonur á vettvangi.

Einar Matthías kveðst fyrst hafa orðið var við ákærða, er hann var í þann mund að ljúka við framangreinda handtöku. Voru þeir u.þ.b. að setja síðasta manninn inn í lögreglubifreiðina, er hann leit um öxl og sá ákærða örfáa metra aftan við lögreglubifreiðina, en hann vissi ekki, að ákærði var á vettvangi. Hann hafi séð, að ákærði hélt aftan í hálsmálið á manni, og sýndist honum á svip mannsins og öðru, að hann væri rænulaus eða rænulítill, enda lá hann á hnjánum með hendurnar máttlausar með hliðunum, þegar ákærði hélt honum á ofangreindan hátt. Einar Matthías kveðst ekki muna, hvernig höfuð mannsins var, enda hafi þetta borið mjög snögg að. Hann hafi dottið beint á andlitið í götuna eða gangstéttina næstum í sömu andrá og hann leit sjálfur um öxl. Því hafi hann ekki séð nánari aðdraganda þess, að ákærði kom með manninn að lögreglubifreiðinni. Hann segir, að annaðhvort hafi ákærði misst eða sleppt takinu, hann geti ekki borið nánar um, með hvaða hætti þetta gerðist. Þeim lögreglumönnum hafi brugðið talsvert við þetta og hikað eitthvað, en mjög fljótlega hafi lögreglumenn komið mannum til hjálpar.

Hann kvaðst ekki hafa kannað meiðsli mannsins, þar sem hann fór að sinna öðru á vettvangi, en órói hafi enn verið á staðnum, og því hafi hann

ekki séð ástæðu til að huga að manninum, þar sem a.m.k. 3-4 lögreglumenn voru yfir manninum og þeir séð um hann. Um þetta leyti hafi borið að aðra lögreglubifreið, sem ók niður Frakkastíginn og stöðvaðist á móts við hina lögreglubifreiðina, svo að afturðyr bifreiðanna sneru saman. Hann kveðst hafa séð, er 2-3 lögreglumenn hjálpuðu manninum að rísa upp og gengu með hann í átt að þeirri bifreið, sem nýkomin var, sömu gerðar og sú, sem fyrir var á vettvangi. Hann hafi ekki fylgst nákvæmlega með, er maðurinn var settur inn í bifreiðina, enda ekkert athugavert séð við það. Telur Einar Matthías, að hann hefði orðið þess var, ef manninum hefði verið hent inn í lögreglubifreiðina. Hann kveðst engin afskipti hafa haft af manninum, eftir að hann kom niður á lögreglustöð.

Einar Matthías ber, að ákærði hafi óskað eftir því við sig, að einhver annar en hann sæi um að skrifa skýrslu um málið. Kveðst hann hafa sagt ákærða, að það yrði hann að gera, þar sem vitnið vissi ekki um aðdraganda málsins.

Þá segir Einar Matthías, að þeir lögreglumennirnir hafi ekkert rætt um það, hvað hafi getað valdið því, að maðurinn var rænulaus eða rænulítill, er hann féll á götuna.

Hann kannast við, að í erfiðum tilvikum sé beitt svokölluðu hengingar-taki, svo að menn geti misst meðvitund stutta stund. Tak þetta sé m.a. notað í júdó, en vitnið kveðst hafa æft júdó um margra ára skeið.

Ásgeir Þór Ásgeirsson lögreglumaður segir, að eftir að þeir höfðu handtekið menn, sem voru inni í húsinu og voru komnir út, hafi þar verið mikil háreysti og ölvun, enda menn ekki sáttir við, að samkvæmið var leyst upp. Nokkrir þessara manna hafi verið handteknir og færðir í lögreglubifreið þá, sem vitnið kom í á vettvang. Henni hafi verið lagt á Frakkastíginn gegnt Bergþórugötu 1 á svipuðum stað og myndir tæknideildar sýni.

Ásgeir Þór kveðst hafa staðið fyrir aftan bifreiðina og litið niður Frakkastíg, er hann sá ákærða með mann í tókum niður undir gatnamótum Frakkastígs og Kárástígs. Ákærði hafi haldið með hvorri hendi í axlir mannsins og haldið honum þannig uppi í mittishæð við hægri hlið sína. Svo virtist sem maðurinn væri máttlaus, því að hann hefði dregið fætur máttlausa og þeir verið bognir um hné, hendur lafað máttlausar og andlitið vísað niður. Er ákærði var kominn með manninn í þessum tókum um 2-3 metra frá lögreglubifreiðinni, hefði maðurinn fallið máttlaus og andlitið skolið í gangstéttina. Þegar maðurinn féll með andlitið í gangstéttina, hefði hann fyrst skolið niður, þá lyfst upp aftur og skolið að nýju í gangstéttina. Kveðst hann hafa stumrað yfir manninum og séð, að hann var blóðugur um munnvikin. Þetta hafi gerst mjög snögg og sér brugðið mjög. Hann hafi ekki veitt því athygli, hvort maðurinn hafði frekari áverka, enda að hans mati ekki aðstæður til þess að kanina þá á vettvangi. Hann hafi strax

stumrað yfir manninum, sem var með meðvitund og sagði eitthvað, en hvað, man Ásgeir Þór ekki. Hann hafi verið færður yfir í lögreglubifreið, sem þarna bar að. Henni hafi verið ekið niður Frakkastíg og lagt rétt fyrir neðan fyrrgreinda bifreið. Maðurinn hafi verið færður í bifreiðina. Ekki hafi þótt ástæða til að færa hann á slysadeild strax af vettvangi, þar sem hann var með meðvitund og virtist í fljótu bragði ekki með aðra áverka. Ákærði og vitnið hafi stutt manninn að lögreglubifreiðinni. Runólfur hafi farið inn í lögreglubifreiðina að aftanverðu og tekið á móti manninum. Þegar þeir voru komnir að lögreglubifreiðinni með manninn, hefði Árni kallað á vitnið og sagt, að hann væri að fara. Því hefði vitnið sleppt hendi mannsins, en María stutt hann þeim megin, sem vitnið studdi hann, og hefði hann verið færður þannig í lögreglubifreiðina. Það séu því ósannindi, að honum hafi verið kastað upp í bifreiðina.

Ásgeir Þór kvað þá lögreglumennina ekki hafa rætt ástæðu þess, að maðurinn var rænulaus eða rænulítill, er hann féll á götuna. Hann kannast við, að í erfiðum tilvikum og sjálfsvörn sé beitt svokölluðu hendingartaki, svo að menn geti misst meðvitund stutta stund, þótt sjaldnast sé gengið svo langt með notkun taksins.

Aðalbjörn Jón Sverrisson lögreglumaður lýsir komunni á vettvang á sama veg og félagar hans. Ölvun hafi verið almenn og menn m.a. verið að æsa hver annan upp í að ráðast á þá lögreglumennina. Þarna fyrir utan hafi a.m.k. tveir menn verið handteknir og færðir í lögreglubifreiðina, og hafi hann aðstoðað við þær handtökur. Síðan hafi fleiri menn verið handteknir, og hafi hann verið í lögreglubifreiðinni og gætt þeirra og því lítið getað fylgst með því, sem gerðist síðar. Hann hafi engin afskipti haft af Sigurði Kaldal og geti ekki borið um aðdraganda að málinu né frekari afskipti ákærða af honum.

Hann kannaðist við, að í sjálfsvörn eða ef menn væru snarvitlausir, væri beitt svokölluðu hendingartaki, svo að menn gætu misst meðvitund stutta stund, þótt að jafnaði væri ekki gengið svo langt með notkun taksins, þar sem menn gæfust nánast undantekningarlaust upp, áður en til þess kæmi. Kveðst hann kannast við þetta tak, þar sem hann hafi æft júdó, og sé slíkt tak kennt nákvæmlega, en í lögregluskólanum sé kennt, að þetta hálstak megi alls ekki nota nema í algjörri nauðvörn, enda engin ástæða til að beita því nema í slíkum tilvikum.

Runólfur Þórhallsson lögreglumaður kveðst hafa komið á vettvang í Volvo-fólksbifreið 202 ásamt ákærða og tveimur lögreglukonum. Talsvert hafi verið af ölvuðu fólki á vettvangi, og á staðnum hafi einnig verið stór lögreglubifreið, en henni var lagt á Frakkastíg gegnt húsinu Bergþórugötu 1, að hluta uppi á gangstétt. Henni hafi verið lagt á svipuðum stað og sýnt er á myndum tæknideildar. Lokið var að handtaka eitthvað af fólki og

setja í lögreglubifreiðina. Björn hafi komið með einn mann, sem hann handtók inni í húsinu, og sett í lögreglubifreiðina, og kveðst Runólfur einnig hafa handtekið mann, sem ætlaði að hindra þá í starfi, fært hann í lögreglubifreiðina og lokað afturdyrunum að því loknu. Kveðst hann telja, að þetta hafi verið síðasti maðurinn, sem var handtekinn, að undanskildum Sigurði Kaldal. Er hann hafði lokað afturdyrunum og stóð fyrir aftan lögreglubifreiðina, sneri hann sér við og sá þá, um tvo metra frá, hvar ákærði var með mann í tökum. Hélt hann í kruga hans með annarri eða báðum höndum. Maðurinn hefði verið máttlaus, fætur lafað niður og hné numið rétt við götuna. Hendur hafi lafað niður, en hvort andlitið vísaði líka niður, man hann ekki. Í því, er hann leit við og sá ákærða með manninn í þessum tökum, hefði ákærði misst manninn, en hann kvaðst ekki geta um það borið, hvort ákærði slepti manninum eða missti hann. Maðurinn hefði dottið máttlaus á andlitið án þess að bera fyrir sig hendur. Höggið hefði verið talsvert og dynkur heyrst við það. Kveður Runólfur sér hafa brugðið mjög við þetta og snúið sér undan, þar sem hann vissi ekki, hvað hann ætti til bragðs að taka. Síðan leit hann við skömmu síðar og sá þá, hvar ákærði og Ásgeir stumruðu yfir manninum og reistu hann við. Á þessu stigi hefði hann ekki séð áverka á manninum, þar sem hann hefði ekki kannað þá, því að maðurinn var í höndum ákærða og Ásgeirs. Þeir lögreglumennirnir hefðu ekkert rætt um það, hvað olli því, að maðurinn var rænulaus eða rænulitill, er hann féll á götuna. Maðurinn hefði verið færður í sams konar lögreglubifreið, sem bar að í sama mund. Veifaði hann í bifreiðina og gaf ökumanninum merki um að koma til sín. Þessari lögreglubifreið hefði verið ekið niður Frakkastíg og hún stöðvuð rétt fyrir neðan bifreiðina, sem stóð á Frakkastíg gegnt Bergþórugötu 1. Ákærði og Ásgeir hafi haldið við manninn og fært hann að lögreglubifreiðinni. Kveðst Runólfur hafa staðið aftan við bifreiðina og aðstoðað við að setja manninn upp í hana. Við kynningu á framburði vitna kvað hann það vel geta verið, að hann hefði þá verið kominn upp í lögreglubifreiðina og tekið þar á móti manninum, en hann muni ekki, hvort hann var þá kominn upp í bifreiðina. Maðurinn hefði verið færður varfærnislega upp í bifreiðina og settur vinstra megin í hana. Kveðst hann minnst þess sérstaklega, að farið hafi verið varlega með manninn, er hann var settur upp í bifreiðina, þar sem hann vissi, að hann datt, en vissi ekki, hvort hann hefði skaðast. Settist hann yíð hlið mannsins, en María settist á móti þeim hægra megin. Á leiðinni spurði maðurinn, hvort hann hefði verið sleginn, og minntist eitthvað á tennur sínar. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins bar Runólfur, að maðurinn hefði sagt, að hann væri með brotnar tennur. Við meðferð málsins kveðst hann ekki muna þetta, hann hafi munað þetta betur við yfirheyrsluna hjá rannsóknarlögreglu, og þar hafi hann skýrt satt frá.

Hann kveðst hafa orðið þess var, að maðurinn var með skurð ofan við vinstri augabráun og rispaður í andliti og að blóð hefði vætlað úr munnvikum hans. Minnst hann þess, að hann hafi skoðað upp í manninn og hann verið með eina brotna tönn.

Runólfur segir, að hann hafi farið með manninn út í horn, er komið var niður á lögreglustöð, þar sem hinir handteknu voru leiddir fyrir varðstjóra, og var beðið þess, að maðurinn yrði leiddur fyrir varðstjóra. Hann hafi beðið um að fá að fara á salerni að þvo sér, og kveðst Runólfur hafa vísað honum þangað. Kannast hann ekki við, að hann hafi skipað honum að þvo sér, enda tíðkist slíkt ekki. Hann kveðst ekki hafa haft frekari afskipti af manninum. Ákærði hafi farið með hann fyrir varðstjóra, en hvort fleiri lögreglumenn fóru með hann þangað, kveðst hann ekki vita. Hann hafi sjálfur aðeins litið inn, meðan varðstjóri var að ræða við manninn, og heyrt á tal þeirra, að þeir voru að ræða ástæðu handtökunnar, en hann hafi stansað þar örstutt.

Runólfur kannast við, að í algjörrí nauðvörn og þegar menn séu orðnir mjög æstir, sé beitt svokölluðu hendingartaki, svo að menn geti misst meðvitund, þótt almennt sé ekki gengið svo langt með notkun taksins. Í júdókennslu í lögregluskólanum sé lögreglumönnum kennt svokallað fastatak á hálsi, og sá kennari hafi ekki bannað lögreglumönnum að nota þetta tak. Hins vegar hafi kennari í lögreglufræðum, sem kenni handtökuaðferðir og sjálfsvarnartækni, bannað þeim að nota slíkt tak, en vitnið kveðst ekki vita til þess, að skriflegar reglur séu til um þetta.

Guðbergur Már Guðnason lögreglumaður segir, að umrætt sinn hafi hann komið til aðstoðar á stórri lögreglubífreið. Hafi hann verið einn og ekið bifreiðinni norður Frakkastíg. Hann segir aðspurður, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið aftur á bak, heldur áfram norður Frakkastíg. Í því, er hann kom á vettvang, hefði verið veifað í sig til merkis um að stansa. Lögreglubífreið sömu gerðar og hann kom á hefði verið lagt vestan við Frakkastíg gegnt Bergþórugötu 1, á svipaðan veg og myndir tæknideildar sýni. Hann ók bifreiðinni aðeins niður fyrir fyrrnefnda bifreið, um 2-3 metrar hefðu verið á milli þeirra, enda hefði staðið til að flytja mann yfir í bifreiðina, en lögreglumennirnir, sem gáfu honum merki, voru fyrir aftan fyrrgreinda lögreglubífreið. Hann hefði séð, er maðurinn gekk að bifreið þeirri, sem hann kom á, og var studdur af lögreglumönnum inn í hana. Það sé alrangt, að honum hafi verið hent inn í bifreiðina, hann hafi fylgst með, er maðurinn fór studdur inn í hana. Á heimleið voru með honum í bifreiðinni auk mannsins tveir lögreglumenn, María og Rögnvaldur. Á leiðinni hefði maðurinn minnst á það, að hann væri með brotnar tennur. Hann hefði verið ruglaður og bersýnilega ekki gert sér grein fyrir, hvað gerst hafði, og spurt, hvort hann hefði verið sleginn.

Guðbergur Már kveðst ekki kannast við, að við handtökur beiti lögreglumenn svokölluðu hendingartaki á menn í því skyni að draga úr þeim mátt.

Sigurður Sigurgeirsson lögregluvarðstjóri segir, að um 15-20 mínútum fyrir 6.00 umræddan morgun hafi nokkrir lögreglumenn komið með 6-8 manns, sem höfðu verið handteknir í eða við Bergþórugötu 1. Að venju hefðu þeir skýrt munnlega frá ástæðu handtökunnar varðandi þessa menn, sem hefði verið ölvun og áflog, móþrói og hindrun í starfi. Sigurður Kaldal hefði verið einn þessara manna. Kveðst vitnið hafa ákveðið geymslu á öllum framangreindum mönnum af þessum ástæðum. Ákærði hefði skýrt sér frá því, að Sigurður hefði skriðið eða reynt að skriða upp í lögreglubifreið, en verið náð út úr bifreiðinni, þá hefði hann viljað fara aftur eða fram fyrir bifreiðina, vitnið man ekki hvort, og ekki sinnt fyrir mælum lögreglumanna á vettvangi um að fara ekki þá leið, sem hann vildi. Sigurður hefði verið litillega undir áhrifum áfengis, en þó rólegastur, viðræðuhæfastur og þægilegastur af þessum mönnum. En af framangreindum ástæðum, sem lögreglumennirnir gáfu, hefði verið ákveðin geymsla á honum eins og hinum. Vitnið segir, að Sigurður Kaldal hafi talað um, að hann hefði dottið, en í viðræðum þeirra hefði hann aldrei sagt, að það væri af völdum lögreglumannanna. Hann hefði heldur aldrei í sinni viðurvist óskað eftir að fara á slysadeild, en einvörðungu óskað eftir því að fara heim, en aldrei minnst á slysadeildina. Sigurður hefði aldrei nefnt það í sín eyru, að hann væri með brotnar tennur, enda hefði vitninu ekkert fundist óeðlilegt við hann, hvorki í útliti né tali. Vitnið hefði ekki orðið þess vart, að Sigurður ætti í erfiðleikum með mál. Hins vegar kveðst það hafa bedið viðtakandi varðstjóra, sem kom á vaktina kl. 6.00, í sama mund og vitnið lauk viðtali við Sigurð, að líta eftir honum, þar sem hann hefði talað um, að hann hefði dottið. Það hefði ekkert athugavert séð við Sigurð, á meðan það hafði afskipti honum. Lítils háttar storkið blóð hefði verið á vörum hans, sem ekki sé óalgengt, þegar menn eru leiddir fyrir varðstjóra, eftir að þeir hafi verið handteknir af svipuðum ástæðum.

Vitnið segir Sigurð hafa sagt, að ákærði hafi elt sig niður Frakkastíg að Kárastíg og sótt sig þangað og farið með sig til baka og hann þá dottið við lögreglubifreiðina, en ekki minnst á, af hvaða orsökum. Hann hafi engan ásað í þessu sambandi og ekki nefnt, að hann hafi misst meðvitund.

Helena Jónsdóttir, dansari og unnusta Sigurðar Kaldals, var yfirheyrð við meðferð málsins. Hún kveður Sigurð hafa hringt í sig af slysadeild umræddan morgun og skýrt sér í fáum dráttum frá því, sem gerst hefði. Hún hafi strax farið upp á slysadeild og mætt honum frammi í biðstofu fyrir slasaða, þar sem hann beið myndatöku. Hún fór síðan með honum í myndatökuna og að henni lokinni í skoðun hjá lækni. Fleiri lækna hefðu

haft afskipti af Sigurði, bæði kandidatar og aðstoðarlæknar. Þegar hún hitti Sigurð, sá hún, að hann hafði þrjú til fjögur kringlótt för á hálsinum, öðrum hvorum megin við barkakýlið. Voru förin, sem voru rauð-fjólublá, eins og deplar. Þessi för hefðu horfið um sólarhring síðar, og þau hefðu ekki komið út sem marblettir. Spurði hún konu, lækni á deildinni, hvort þessi för á hálsi Sigurðar yrðu ekki færð í læknisvottorð, og hefði hún játað því. Kveðst hún telja, að lýsing í læknisvottorði á förum framan á hálsi Sigurðar vinstra megin eigi við þessi för.

Björg Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur við slysadeild Borgarspítalans, var yfirheyrð við meðferð málsins. Kveðst hún minnst þess að hafa haft afskipti af Sigurði Kaldal umrætt sinn. Hún hafi fyrst séð hann á annarri sárastofunni, þar sem fyrsta skoðun fer fram. Hún kveðst ekki muna eftir, hvernig þeir áverkar voru, sem hann bar, en hún minnst þess sérstaklega, að hann hafi verið fámáll og lítið munað eftir því, hvernig hann fékk áverkana. Hún hafi engin samskipti haft við aðstandendur hans og minnst þess eingöngu, að hann hafi komið í fylgd lögreglumanna. Við lestur úr læknisvottorði minnst hún þess, að Sigurður hafi verið með brotna tönn og áverkana á augabrún, svo og, að hann hafi átt erfitt með að opna munninn og átt erfitt um mál. Hún minnst þess ekki, hvort Sigurður var undir áfengisáhrifum.

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR 6. og 15. janúar, 27. febrúar svo og fyrir dómi.

Ákærði hefur borið, að er hann kom á vettvang, hafi verið þar fyrir fjöldi lögreglumanna, og hafi Einar Matthías Þórarinsson lögregluflokksstjóri stjórnað aðgerðum. Kveðst ákærði fyrst hafa orðið var við Sigurð Kaldal, er Sigurður stóð á gatnamótum Bergþórugötu og Frakkastígs og gekk niður Frakkastíg og hugðist ganga aftur fyrir lögreglubifreið, er stóð gegnt Bergþórugötu 1. Lögreglubifreiðin hafi staðið á mjög svipuðum stað og myndir tæknideildar sýni. Hafi tvær lögreglukonur, er stóðu fyrir aftan bifreiðina, beðið hann að fara fram fyrir hana, þar sem handtökur stóðu enn yfir. Ýmist hafi menn verið komnir inn í lögreglubifreiðina eða í þann mund verið að setja þá inn í hana. Mótmælir hann því, að aðgerðum hafi verið lokið og búið hafi verið að loka afturdyrum lögreglubifreiðarinnar, er Sigurður hugðist ganga aftur fyrir bifreiðina. Hann segir, að Sigurður hafi ekki hlýtt fyrir mælum lögreglukvennanna. Hann hafi bent heim til sín að Kárástíg 3 og sagst vera að fara heim. Sigurður hafi verið sjáanlega ölvaður og hefði, að sínu mati, orðið til trafala, ef hann hefði gengið aftur fyrir lögreglubifreiðina, þá leið, sem hann vildi upphaflega fara heim til sín. Því hafi honum verið vísað frá þeim stað. Kveðst ákærði hafa ítrekað frávisun sína, en hann ekki sinnt því. Þá hafi hann reynt að stöðva Sigurð með því að setja lófa hægri handar á brjóst hans, en Sigurður hafi ekki

sinnt þessu, heldur reynt að komast fram hjá sér og sagt, að hann væri að fara heim til sín og hefði fullan rétt á að fara þá leið, sem hann vildi. Kveðst ákærði hafa sagt honum, að það mætti hann, en hann yrði að fara aðra leið, þ.e. fram fyrir lögreglubifreiðina. Gekk þetta þannig nokkra stund, að Sigurður reyndi að komast fram fyrir ákærða, en ákærði varnaði honum þess með því að ýta á brjóst hans. Er þeir voru komnir að gatnamótum Frakkastígs og Kárastígs, kveðst ákærði hafa sagt við Sigurð, að nú gæti hann farið heim til sín frá þeim gatnamótum, en Sigurður hafi búið að Kárastíg 3, en það hafi hann ekki viljað. Kvaddi hann þar Sigurð og sneri sér við, en þá kallaði Sigurður æstur á eftir honum og sagðist mega fara heim þá leið, sem hann vildi. Sneri ákærði sér þá við og sá þá, að Sigurður reiddi upp hægri hönd með krepptum hnefa og gerði sig líklegan til að slá ákærða. Greip ákærði með vinstri hendi aftan í vinstri öxl Sigurðar og togaði hann að hægri hlið sér og tók jafnframt með hægri hendi í hægri öxl honum. Hugðist hann færa Sigurð að ofangreindri lögreglubifreið. Þá hefði Sigurður greinilega ætlað að gera sér erfitt fyrir með því að gera sig máttlausan, og hefði hann dregið hann þannig við hlið sér upp að lögreglubifreiðinni í þessum tókum.

Ákærði neitar með öllu, að hann hafi tekið Sigurð Kaldal hálstaki eða svokölluðu hengingartaki, áður en hann dró hann á ofangreindan hátt að lögreglubifreiðinni. Hann hefði ekki orðið þess var, að Sigurður væri án meðvitundar, á meðan hann dró hann að lögreglubifreiðinni, og ekkert athugavert séð við ástand hans. Er Sigurður var á hnjónum við hlið hans, er hann nálgadist lögreglubifreiðina, hefði hann séð, að búið var að loka afturdyrum hennar. Þar sem Sigurður veitti ekki mótspyrnu, kveðst hann hafa afráðið að sleppa honum við handtöku, enda var ekki pláss fyrir hann í ofangreindri bifreið. Er hér var komið sögu, fannst ákærða, að Sigurður væri á hnjónum, og afréð hann því að sleppa takinu á honum, þar sem hann hélt, að hann yrði kyrr á hnjónum við það, að hann sleppti takinu. Hins vegar hefði Sigurður skolið með andlitið í götuna, er hann sleppti honum, og hefði sér brugðið mjög við það. Hann kveðst telja, að Sigurður hafi lent á vinstri kjálka fremur en beint á andlit við fallið.

Ákærði kveðst ekki kunna aðrar skýringar en hann hefur þegar gefið á þeim framburði vitna, að Sigurður hafi að þeirra mati verið án meðvitundar, er hann dró hann á framangreindan hátt í átt að lögreglubifreiðinni, hendur hans hafi lafað meðfram síðum, andlit snúið niður og hann ekki borið hendur fyrir sig í fallinu.

Ákærði segir, að þeir Ásgeir Þór hafi stumrað yfir Sigurði. Sigurður hafi litið upp og hrækt og sagt, að hann væri með brotna tönn, litið upp á ný og hrækt, og þá hafi verið blóðlitur á munnvatni hans. Kveðst ákærði hafa beðið hann að liggja kyrran, uns lögreglubifreið bæri að. Í ljósi þess,

sem orðið var, hafi hann talið eðlilegt að handtaka Sigurð og færa hann fyrir varðstjóra. Hann hafi ekki séð ástæðu til þess að fara með hann heim til sín eða flytja hann á slysadeild. Að sínu mati hafi verið eðlilegra, eins og á stóð, að færa hann fyrir varðstjóra. Ákærði segir, að skömmu síðar hafi lögreglubifreið borið að og Sigurður verið færður í hana á þann veg, að ákærði og Ásgeir studdu hann að bifreiðinni, þar sem Runólfur tók á móti honum, en hann var kominn inn í bifreiðina, áður en Sigurður var færður inn í hana.

Ákærði segir, að hann hafi á þeirri stundu, er hann ýtti við Sigurði og leikurinn barst í átt að Kárastígnum, ekki séð ástæðu til að heimila honum að fara heim til sín fram hjá lögreglubifreiðinni, enda hafi það verið viðkvæmt svæði og málin þróast á þessa lund. Þá segir hann, að það hafi ekki verið af neinni tilgreindri ástæðu, sem hann kom lögreglukonunum til aðstoðar, er Sigurður þverskallaðist við banni þeirra. Sigurður hafi gengið fram hjá þeim og hann hafi verið nærstaddur og séð ástæðu til að aðstoða þær. Sigurður hafi verið orðinn þreytandi, en ákærði kveðst fullkomlega hafa haft vald á skapi sínu og oft átt í höggi við erfiðari og æstari menn en Sigurð.

Ákærði segir, að hann hafi ekki séð ástæðu til þess að ganga á brott og láta Sigurð afskiptalaus, eftir að hann hafði kvatt hann á gatnamótum Kárastígs og Frakkastígs, þar sem Sigurður hafi gert sig líklegan til að slá sig og ákærði hafi hugsað það eitt að koma í veg fyrir það. Hann hafi á þessu stigi ekki heldur séð ástæðu til að kalla á félagana sína til aðstoðar, þar sem atburðarásin hafi verið hröð og engin átök orðið. Hann hafi ekki heldur vitað þá, að félagar sínir voru u.þ.b. að ljúka við handtökur, og bjóst ekki við, að framvinda málsins yrði á þennan veg.

Ákærði segir, að Einar Matthías Þórarinnsson lögregluflokksstjóri hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi. Hann hafi ekki gefið ákærða skipun um að handtaka Sigurð Kaldal, það hafi hann sjálfur ákveðið að gera.

Ákærði kveðst hafa rætt stuttlega við Sigurð Sigurgeirsson varðstjóra, er hann kom á lögreglustöðina, og skýrt honum frá því, sem gerst hafði. Hafi Sigurður Kaldal engum mótmælum hreyft og viðurkennt, að hann hefði átt að sinna fyrirmælum lögreglu. Sigurður hafi tjáð varðstjóranum, að hann væri með eina brotna tönn.

Í málinu liggur frammi læknisvottorð slysa- og bæklunardeildar Borgarspítalans, dags. 14. janúar sl., undirritað af Rögnvaldi Þorleifssyni lækni, en þar segir m.a. svo:

„Þ. 27/12 1990 kl. 6.46 fluttu lögreglumenn á slysadeildina mannn, er kvaðst vera fyrrgreindur Sigurður. Hann skýrði svo frá, að stuttu áður hefðu lögreglumenn ráðist á sig utan húss og tekið sig hálstaki, svo að hann missti meðvitund. Atvikum er ekki nánar lýst. Sigurður kvartaði einkanlega

um verki hæ. megin í neðri kjálka. Þá kvartaði hann um eymsli í tönnum víða. Hann kvaðst hafa á tilfinningunni, að jaxl hæ. megin í neðri kjálka svo og jaxlar ví. megin í efri kjálka væru brotnir.

Skoðun leiddi eftirfarandi í ljós: Ca. $\frac{1}{2}$ cm langt sár var á ví. augabrún. Fleiðurflekkur var á höku. Veruleg eymsli virtust hæ. megin á neðri kjálka og einhver eymsli ví. megin. Fjögur dökkrauðleit, skálæg för voru framan á hálsi ví. megin, hvert þessara fara um 3-4 cm á lengd og u.þ.b. 1 cm á breidd. Förin voru samsíða. Við blasti, að brotið var af krónu II. tannar í neðri góm hæ. megin við miðlínu (dens 2). Tannáverkar voru að öðru leyti ekki nánar kannaðir, enda gat sjúkl. ekki opnað munninn öllu meira en 1-2 cm vegna eymsla og rétt þótti, að tannlæknir framkvæmdi þá rannsókn.

Eymslin á kjálkanum og sársaukinn við að opna munninn þóttu geta bent á brot á kjálkanum, og var sjúkl. því látinn bíða á slysadeildinni, þar til færi gafst á að taka röntgenmyndir af neðri kjálkanum. Þetta var gert um kl. 8.30. Ekki sáust brot á kjálkabeininu á þessum myndum. Sérstakar myndir voru teknar af tönnum, en þó sést á myndunum, að fyrrgreind tönns í neðri góm er brotin.

Litla sárið á augabrúninni var límt saman með þar til gerðu lími.

Sjúkl. var ráðlagt síðan að leita til vakthafandi tannlæknis til rannsóknar og meðferðar á tannáverkunum. Ekki þótti þörf á, að hann kæmi til eftirlits á slysadeildina, en honum var þó bent á, að hann gæti leitað þangað, ef frekari einkenni kæmu í ljós.“

Þá liggur enn fremur frammi bréf Egils R. Guðjohnsens tannlæknis, dags. 7. sama mánaðar, en í því segir:

„Sigurður kom til mín fimmtudaginn 27.12. '90. Hann var þá mjög bólginn í andliti og svo aumur í kjálkaliðum (sérstaklega hægra megin), að hann átti í erfiðleikum með að opna munninn. Hann var þó svo kvalinn í 5+ (efri forjaxl) hægra megin, sem var klofinn (brotinn) upp eftir rót, að ég ákvað að fjarlægja hann strax (enda ónýtur eftir höggið). Við svo búið var ákveðið að bíða fram yfir áramót og láta bólgur og eymsli ganga niður.

Sigurður kom til mín aftur 3.1. '91. Ég tók af honum röntgenmyndir og skoðaði tennur klínískt. Í ljós kom, að hann var með alls sjö brotnar tennur (ein fjarlægð áður) og að minnsta kosti ein með sprungum. Sjúklingur er enn aumur í hægri kjálkalið.

Það, sem gera þarf:

1. brú $6 + 5 + 4 +$
2. gera við 7+ (fylling)
3. +6 heilkróna
4. +7 partkróna
5. $6 \div$ heilkróna

6. $3 \div$ viðgerð (fylling)

7. $2 \div$ heilkróna, rótfylling, stiftisuppbýgging.

Þ.e., tvær af þessum sjö tönnum má gera við með fyllingum, hinar þurfa gull- og postulínsvinnu.

Kostnaðaráætlun 200-250 þúsund.

Þess ber að geta, þegar tönn verður fyrir höggi (að maður tali nú ekki um brot), að miklar líkur eru á, að slík tönn rótdrepist.

Þetta getur komið fram mánuðum, jafnvel árum síðar. Slík tönn þyrfti þá rótfyllingu og stiftisuppbýggingu og nýja krónu.

Aðspurður um, hvort áverkar Sigurðar hafi getað orðið til við það, að hann dytti í götuna, tel ég það mjög ólíklegt.

Áverkar á andliti voru þess eðlis, að engu líkara var en Sigurður hefði runnið til eftir höggið með andlitið þétt við eitthvað, því að rispúr voru í andliti. Flestar þeirra brotnu tanna, sem um ræðir, hafa sömu brota-stefnu, þ.e., hafi Sigurður bitið saman og fengið mjög þungt högg vinstra megin á neðri kjálka, gæti það útskýrt brot allra tanna hvorum megin efri kjálka (4) og tveggja hægra megin í neðri kjálka. Eftir stendur hliðarfram-tönn í neðri gómi, sem að öllum líkindum hefur brotnað við högg framan á neðri kjálka. Að mínu áliti hafa tannbrot Sigurðar orsakast a.m.k. af tveimur aðskildum höggum.

Það skal taka fram, að venjuleg ending á krónu og brúarsmíði getur verið 10 - 20 ár, og fer það eftir hirðu viðkomandi, svo að ljóst þykir, að Sigurður þurfi nýja smíði a.m.k. einu sinni á lífsleiðinni.“

Egill R. Guðjohnsen tannlæknir kom fyrir dóminn við meðferð málsins og staðfesti efni bréfsins. Segir hann, að merkið + í framangreindu bréfi merki efri góm, en $\div$ neðri góm. Sé horft framan í viðkomandi sjúkling, sé merkið sett aftan við, ef um er að ræða hægri hlið, en framan við, ef um er að ræða vinstri hlið. Hann kveðst hafa skoðað Sigurð Kaldal síðdegis 27. desember sl. Hann hafi verið bólginn í andliti, annað auga bólgði og hann skrámaður í andliti. Hann hafi ekki skoðað hann að öðru leyti og geti því ekki borið um aðra áverka. Að öðru leyti lýsir Egill ástandi tanna Sigurðar á sama veg og fram kemur í framangreindu bréfi. Hann segir, að Sigurður hafi fengið bráðabirgðafyllingar hjá tannlækni sínum eftir þetta, áður en hann kom til sín á ný 3. janúar sl., er hann röntgenmyndaði tennur Sigurðar, en það hafi hann ekki getað við fyrstu skoðun, þar sem Sigurður gat ekki opnað munninn. Höfuðhöggliða brotanna komi frá vinstri, og hljóti maðurinn því að hafa fengið höggið á vinstri kjálka. Höggið hafi komið í samanbiti, svo að Sigurður hljóti að hafa verið með tennurnar bitnar saman, þegar hann fékk höggið. Ósennilegt sé, að tönn $2 \div$, sbr. 7. lið í bréfi vitnisins, hafi brotnað við það högg, sem hann hefur lýst hér að framan, þó að slíkt sé mögulegt. Telur hann því líklegra, að

sú tönn hafi brotnað við annað högg en hinar sex tennurnar. Ekki hafi verið vafi á því, að þessi brot hafi verið ný. Hann kveðst hafa merkt við þær tennur, sem brotnar voru, á afsteypu þeirri, sem hann gerði, eftir að bráðabirgðafyllingar voru settar til að loka tönnunum. Stærstu brotin fjögur, þ.e. tennur $+6$, $+7$, $6\div$ og $2\div$, hafi verið alveg ný brot, upp undir dagsgömum. Tönn $5+$ hafi án vafa verið nýbrotin, spurningar um klukkustundir, frá því að hún brotnaði, er vitnið skoðaði Sigurð. Brotin í tönnum $7+$ og $3\div$ hafi hins vegar hugsanlega getað verið eldri en sólarhringsgömum, en þau hafi fylgt brotalínunni.

Egill segir, að höfuðreglan sé sú, að viðgerðar tennur, svo að ekki sé talað um rótfulltar tennur, séu brothættari en aðrar. Að því er Sigurð varði, hafi við skoðun vitnisins komið í ljós, að tennur $6\div$ og $6+$ hafi verið mikið viðgerðar, tönn $+7$ hafi verið lítið fyllt, $2\div$ og $3\div$ hafi verið alveg heilar og $5+$, en hin síðastgreinda hafi farið verst, hún hafi klofnað. Það hafi þurft rosahögg til, að tönn $5+$ brotnaði á þann hátt, sem hún gerði.

Hann segir, að mjög stutt bil sé milli hvíldarstöðu milli tanna og samanbits og ekki sé útilokað, þótt höggið hafi komið í samanbiti, að maðurinn hafi verið í fallinu rænulitill, þar sem bilið sé svo stutt á milli samanbits og hvíldarstöðu.

Þá segir Egill, að eins og horfi við í dag, sé kostnaðaráætlun vegna viðgerða á tönnunum í liðum 1-7 á bilinu 200-250 þúsund, en vísar einnig til þess, sem segir í bréfinu um það, sem síðar kunni að koma upp með tennur, sem brotna, þ.e. mánuðum eða árum seinna séu miklar líkur á, að slíkar tennur rótdrepist.

Hinn 8. janúar sl. tók tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins ljósmyndir af vettvangi á milli Frakkastígs og Kárástígs. Er vettvangurinn ljósmyndaður frá öllum þeim sjónarhornum, sem hér skipta máli. Við myndatökuna lagði Árni Ólafsson lögreglubifreið, sömu stærðar og gerðar og hann ók á vettvang aðfaranótt 27. desember sl., á Frakkastíg gegnt húsinu nr. 1 við Bergþórugötu. Kvaðst Árni hafa lagt bifreiðinni við sviðsetninguna á svipaðan veg og umrædda nótt.

Einnig liggur frammi í málinu svæðisteikning, en á henni sjást m.a. gatnamót þeirra gatna, sem hér koma við sögu, ásamt nálægum húsum.

Ríkissaksóknari leitaði umsagnar dómsmálaráðuneytis vegna máls þessa, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. 1. nr. 74/1974.

Í bréfi ráðuneytisins til ríkissaksóknara, dags. 28. janúar sl., segir m.a., að ekki sýnist óeðlilegt, að ákærði sæti saksókn vegna máls þessa.

Með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 24. janúar sl., var ákærða vikið frá störfum um stundarsakir.

Ekki hefur verið lögð fram skaðabótakrafa í máli þessu.

Niðurstöður.

Í máli þessu er óumdeilt, að Sigurður Kaldal hlýddi ekki ítrekuðum fyrir-mælum lögreglu um að fara aðra leið en hann hugðist, svo sem skýlaus skylda hans var, eins og hér stóð á, enda var aðgerðum ekki að fullu lokið á vettvangi. Fram er komið, að Sigurður gerði þeim lögreglumönnum ljóst, að hann væri á leið heim til sín, en sú leið, sem hann hugðist ganga, aftur fyrir lögreglubifreiðina, var stysta leiðin. Ákærði ýtti Sigurði frá lögreglubifreiðinni að gatnamótum Frakkastígs og Kárastígs, og verður að leggja þann framburð hans til grundvallar, að Sigurður hafi setið við sinn keip og reynt að komast fram hjá honum, þrátt fyrir það að ákærði reyndi að varna honum þess. Verður þessi háttsemi ákærða talinn eðlilegur þáttur í störfum hans á vettvangi, þótt deila megi um, hvort ákærði, sem er reyndur lögreglumaður, hafi ekki getað tekið til annarra ráða.

Ákærði hefur borið, að er hann hafði kvatt Sigurð Kaldal við gatnamót Frakkastígs og Kárastígs, sagt honum, að nú gæti hann farið heim til sín, og snúið við honum baki, hafi Sigurður kallað æstur á eftir sér. Hann hafi því snúið sér við og þá séð Sigurð, sem gerði sig líklegan til að slá sig, með reiddan hnefa á lofti. Því hafi hann snúið sér við, gripið með vinstri hendi aftan í vinstri öxl Sigurði og togað hann að hægri hlið sér og jafnframt tekið með þeirri hægri í hægri öxl honum. Sigurður hafi þá gert sig máttlausan, greinilega ætlað að gera sér það erfitt að færa hann í átt að lögreglubifreiðinni.

Sigurður Kaldal hefur hins vegar borið, að eftir að ákærði, sem frá upphafi hafi vírst æstur, hrakti sig niður að gatnamótunum, hafi ákærði skyndilega gripið sig kverkataki með annarri hendi og hert að, svo að hann náði vart andanum. Hann hafi þá reynt að losa takið með því að grípa um hönd ákærða, en þá hafi ákærði snúið honum við og tekið hann háls-taki og hert að. Við þetta hafi hann misst andann og ekki rankað við sér, fyrr en komið var með hann á lögreglustöðina.

Vitnið Þorfinnur Þorfinnsson, sem stóð fyrir utan Bergþórugötu 1 og sá ákærða og Sigurð á leið þeirra að ofangreindu götuhorni, hefur borið, að í framhaldi af því, að ákærði ýtti á brjóst Sigurðar allt að gatnamótun-um, hafi hann séð ákærða taka Sigurð taki, eins og beitt er við hálstak, en vitnið treystir sér ekki til að fullyrða, að ákærði hafi tekið hann þessu taki um hálsinn, þar sem ákærði sneri baki í vitnið, en hann hafi tekið Sigurð þessu taki um hálsinn eða á öðrum stað. Vitnið kveðst hins vegar hafa ályktað sem svo, að ákærði hafi tekið hann þessu taki um hálsinn og „svæft“ hann með því, þar sem Sigurður féll þegar hreyfingarlaus í götuna, og í framhaldi af því hafi ákærði dregið hann, eftir öllum um-merkjum, gersamlega máttlausan að lögreglubifreiðinni.

Í læknisvottorði segir m.a., að framan á hálsi Sigurðar hafi verið fjögur

dökkrauðleit, skálæg, samsíða för. Hefur unnusta Sigurðar, Helena Jónsdóttir, enn fremur borið, að er hún hitti Sigurð á slysadeildinni þennan sama morgun, hafi hann verið með 3-4 rauðfjólublá, kringlótt för, eins og depla, öðrum hvorum megin við barkakýlið. Förin hafi horfið á næsta sólarhring og ekki skilið eftir sig marbletti. Á mynd þeirri, sem tekin var af Sigurði á lögreglustöðinni daginn eftir, greinast þessi för hins vegar ekki, svo að séð verði.

Þótt sterkar líkur hafi verið að því leiddar, að ákærði hafi tekið Sigurð hálstaki eða kverkataki, þykir samkvæmt framansögðu ekki vera komin fram lögfull sönnun þess.

Samkvæmt framburði ákærða og fjölda vitna, svo sem rækilega hefur verið rakið hér að framan, er ljóst, að ákærði dró Sigurð þessu næst þó nokkurn spöl frá gatnamótunum að lögreglubifreið þeirri, sem stóð á Frakkastíg gegnt húsinu nr. 1 við Bergþórugötu, og er hann átti örfáa metra eftir að bifreiðinni, sleppti hann takinu. Hafa fjölmörg vitnanna lýst því, að þá hafi Sigurður virst rænulítill eða rænulaus, hann hafi dregið á eftir sér fætur og hendur, höfuð hans lafað niður og hann virst gersamlega máttlaus. Kemur þessi lýsing heim og saman við þann framburð Sigurðar, að hann hafi misst meðvitund og ekki gert sér grein fyrir því, hvernig hann hlaut áverkana, en það síðastgreinda fær stoð í framburði þeirra þriggja lögreglumanna, sem voru í lögreglubifreiðinni, er Sigurði var ekið af vettvangi. Ákærði hefur hins vegar haldið því fram, að Sigurður hafi ætlað að gera sér erfitt um vik og því gert sig þungan. Hafi hann ekki orðið þess var, að Sigurður væri án meðvitundar þá leið, sem hann dró hann að bifreiðinni, og hann hafi ekkert athugavert séð við ástand hans.

Af framburði ákærða og Sigurðar, sem fær stoð í framburði vitnisins Þorfinns Þorfinnssonar, er ljóst, að ekki kom til átaka á milli ákærða og Sigurðar. Þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að það hafi verið fyrir tilverksað hans, að Sigurður varð rænulaus eða rænulítill, enda er upplýst, að ekki var öðrum til að dreifa en ákærða og hann var með Sigurð í tökum, á meðan hann dró hann í átt að lögreglubifreiðinni. Hlaut ákærða að vera ljóst, hvernig komið var fyrir Sigurði, á meðan hann dró hann í þessu ástandi að lögreglubifreiðinni, enda kom í ljós, að Sigurður gerði ekki tilraun til að bera fyrir sig hendurnar í fallinu. Þrátt fyrir það sleppti ákærði takinu á honum, svo að Sigurður skall með andlitið í götuna.

Þrjú þeirra vitna, sem fyrir dóminn komu, þau Þorfinnur Þorfinnsson, Alfreð Jóhann Alfreðsson og Steinunn Rósa Sturludóttir, báru, að lögreglumenn þeir, sem færðu Sigurð í lögreglubifreiðina, sem flutti hann af vettvangi, hefðu fleygt honum harkalega inn í bifreiðina. Þá hefur vitnið Arnar Jónsson borið, að hann hafi verið færður frekar harkalega í bifreiðina. Steinunn Rósa ber hins vegar, að Sigurður hafi verið færður í lögreglu-

bifreið þá, sem stóð gegnt Bergþórugötu 1, en upplýst er, að ákærði (sic) var færður yfir í aðra lögreglubifreið, sem kom á vettvang í þann mund, er Sigurður féll í götuna.

Fimm lögreglumannanna, sem voru að störfum á vettvangi, sáu, er Sigurður var settur í bifreiðina, og hafa allir borið, að hann hafi verið færður þangað með eðlilegum hætti án nokkurrar hörku. Aðrir tveir sáu, er Sigurður var studdur að bifreiðinni, og urðu ekki varir við neitt óeðlilegt við flutning ákærða (sic) í bifreiðina, þótt þeir hafi ekki fylgst með honum sérstaklega. Er ljóst, að lögreglumennirnir, sem voru í eða aftan við lögreglubifreiðarnar tvær, sem lagt var samhlíða, voru í betri aðstöðu til að bera um þetta en a.m.k. tvö framangreindra vitna, Þorfinnur og Steinunn Rósa, sem stóðu við húsið á horni Bergþórugötu og Frakkastígs, enda minnti Steinunni Rósu, að hún hefði séð þetta í gegnum rúðu lögreglubifreiðarinnar. Verður ekki byggt á því, að ákærði (sic) hafi hlotið áverka við flutninginn í lögreglubifreiðina, enda ósannað með vísan til þess, sem að framan er rakið.

Af framburði vitna er ljóst, að höggið, sem Sigurður fékk við það að skella með andlitið í götuna, var mjög mikið, og fær það stoð í framburði Egils R. Guðjohnsens tannlæknis, sem skoðaði Sigurð samdægurs, en hann hefur borið, að mjög þungt högg vinstra megin á neðri kjálka gæti útskýrt brot sex tanna af sjö, en hún hafi að öllum líkindum brotnað við högg framan á neðri kjálka. Þá er ljóst, að blóð vætlaði úr munni Sigurðar þegar eftir fallið, svo og, að þegar á leiðinni á lögreglustöðina kvartaði ákærði um brotnar tennur og var mjög fljótlega færður undir læknishendur.

Ef litið er til þess, sem að framan getur, og framburðar vitnisins Kristínu, sem borið hefur, að Sigurður hafi fallið á andlitið og komið niður á vinstri kinn, svo og vitnisins Ásgeirs Þórs, sem bar, að Sigurður hefði fyrst skolið með andlitið í gangstéttina, þá lyfst upp aftur og skolið á ný, svo og annars, sem fram hefur komið í málinu, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að Sigurður hafi hlotið áverka þá, sem lýst er í ákæru, af völdum ákærða, er hann slepti taki á honum í framangreindu ástandi, sem ákærði átti sök á. Varðar verknaður hans við 1. mgr. 218. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga. Þykja ákvæði 132. gr. sömu laga ekki eiga hér við.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fram að þessu ekki sætt refsingu.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, þrátt fyrir það að Sigurður Kaldal sinnti ekki boðum lögreglu, að hann sýndi í engu af sér háttsemi, sem kallaði á svo harkaleg viðbrögð ákærða, enda var ákærði í lófa lagið að leysa málin á annan veg, t.d. með því að kalla á aðstoð félag sinna, sem voru margir á vettvangi og höfðu að mestu lokið störfum. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða varðhald.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmans, 125.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steinn Jakob Ólason, sæti þriggja mánaða varðhaldi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmans, 125.000 krónur.
